

Skipulagsstofnun
Páll J. Lindal
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun
Áb. <i>DR</i>
05 SEPT. 2003
<i>54.6</i>
Tilv. <i>UST20030800146</i>

4. september 2003
Tilvísun: UST20030800146/6á

Virkjun í Sandá, allt að 295 kW, Eyvindartungu, Bláskógabyggð. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 25. ágúst sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru útlustuð þau gögn sem fylgja skulu tilkynningu um framkvæmdir sem falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Til þess að Umhverfisstofnun geti komist að rökstuddri niðurstöðu um matsskyldu framkvæmda telur stofnunin nauðsynlegt að lagðar séu fram nægilegar upplýsingar til að hægt sé að átta sig á umfangi og eðli þeirra og eðli áhrifasvæða, í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í 3. viðauka ofangreindra laga.


Í fyrirspurn um matsskyldu virkjunar í Sandá eru viðeigandi upplýsingar ekki lagðar fram. Það gerir stofnuninni erfitt um vik við að fjalla á fullnægjandi máta um matsskyldu hennar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnunin hefur í þessu tilfelli kynnt sér áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þ.e. staðhætti, landslag, gróðurfar, landnotkun o.þ.h., sbr. lið d. í 10. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þetta var gert með því að stofnunin tók saman fyrirbyggjandi gögn um náttúruferla svæðisins og sendi fulltrúa sinn á vettvang. Því er ekki þörf á frekari upplýsingum um þá þætti fyrir umfjöllun um matsskyldu þessarar framkvæmdar. Stofnunin vill þó undirstrika að slík gagnaöflun er fremur hlutverk framkvæmdaraðila en umsagnaraðila. Jafnframt má benda á að þó stofnunin hafi það sem stefnu að senda fulltrúa sinn á vettvang þegar fjallað er um mál sem þessi er tilgangur slíkra ferða fremur að staðfesta fyrirbyggjandi gögn og lýsingar en að afla þeirra.

Þrátt fyrir að hafa aflað upplýsinga um eðli áhrifasvæðisins, og fengið ákveðnar upplýsingar um framkvæmdina á vettvangi, telur stofnunin sig enn vanta gögn um tilhögun framkvæmdarinnar, sbr. lið a. í 10. gr. í reglugerð 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þau gögn eru: Upplýsingar um aðkomuleiðir; áætluð efnisþörf og staðsetningu efnistökuastaða; áætlað rask vegna niðurgraftrar á aðrennislögn (umfang framkvæmdasvæðis); og áform um frágang Jafnframt vantar stofnuninni upplýsingar um hversu miklu af heildarrennslí Sandár verður veitt í gegnum virkjunina.

Stofnunin tekur því ekki afstöðu til matsskyldu virkjunar Sandár í Bláskógabyggð fyrr en frekari gögn liggja fyrir.

Stofnunin vill benda á að eðlilegt megi teljast að framkvæmdaraðili leggi fram, samhliða tilkynningu, upplýsingar í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Það er skoðun stofnunarinnar að í þessu máli hefði framkvæmdaraðili getað uppfyllt þau ákvæði án sérstakra rannsókna eða verulegs kostnaðarauka og flýtt þar með meðferð þess.

Virðingarfyllst,


Olafur Arnason


Helgi Jensson